



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnarsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 20.03.2020

Kl.: 16:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis/Söttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvinda

Unnið er hörðum höndum að því að miðla upplýsingum og ráðleggingum til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og [Upplýsingasíðunni covid.is](#)

Ráðgjöf vegna COVID-19

Leiðir að ráðgjöf hjúkrunarfræðinga:

Alvarleg veikindi:

- **Vaktsíminn 1700**
- **Símtal á þína heilsugæslu á dagvinnutíma**

Minni veikindi:

- **Samskipti á Mínum síðum á heilsuvera.is**
- **Netspjall á heilsuvera.is - 8:00-22:00**

Mikið álag er á Læknavaktinni og Heilsuveru. Við hvetjum fólk til að kynna sér upplýsingar, sem eru á ofangreindum vefsíðum.

Fjöldi smitaðra hér á landi er nú 409 talsins, þar af 114 innanlandssmit og ekki vitað um uppruna 146 smita.

Samtals hafa um 9.189 sýni verið tekin, þar af 1356 síðastliðinn sólarhring (Decode 900).

[Skv. tölum Landspítalans](#) hefur 22 einstaklingum batnað og 4 einstaklingar eru útskrifaðir.

20. upplýsingafundur, 20. mars, 2020

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn

Þórólfur Guðnason – sóttvarnalæknir ræddi um fyrirkomulag upplýsinga á [www.covid.is](#). Tölulegar upplýsingar eru birtar á síðunni klukkan 11. Faraldurinn er í vexti en þó ekki mjög miklum. Þróunin samsvarar því líkani sem verið er að styðjast við. Aðgerðum verður haldið áfram, þ.e. að greina snemma, einangra sjúklinga og beita sóttkví sem er mikilvægast til að hefta útbreiðsluna. Um 50% þeirra sem greinast hafa verið í sóttkví. Það sýnir hve mikilvæg sóttkvíin er. Mikið berst af undanþágubeiðnum vegna sóttkvíar. Ef mikið er gefið af undanþágum frá sóttkví þá missir þessi aðgerð marks. Veikindi aukast og sjúkdómurinn breiðist út. Hann biðlar til allra um að biðja ekki um undanþágu frá sóttkví nema að afar mikil og brýn nauðsyn krefji. Skerpa þarf á ábendingum fyrir sýnatöku þar sem að pinnar eru af skornum skammti og beðið eftir nýrri sendingu. Þarf að vera alveg skýrt hverjir fara í sýnatöku og hvers vegna. Einnig verður sá sem fer í sýnatöku að vera í einangrun, þar til niðurstaða liggur fyrir.

Alma S. Möller, landlæknir hrósaði fyrir matargjafir og einnig tónlistarfólki sem finnur nýjar leiðir til að létta fólki lund. Tölfræðingar frá Landspítala, Háskóla Íslands og Embætti landlæknis, sem vinnur í spálíkaninu fékk einnig hrós. Alma ræddi um spálíkan Háskóla Íslands, sem verður stöðugur eftir því sem á líður. Líkur á sjúkrahúsinnlögn aukast eftir aldrí. Augljóst er að aldraðir eru í mestum áhættuhópi. Fylgjast þarf vel með þeim sem eru veikir heima. Teymi á Landspítala heldur utan um þennan hóp og eru um 40 manns í því.

Joanna Marcinkowska, sérfræðingur í málefnum innflytjenda hjá Reykjavíkurborg ræddi mikilvægi upplýsingamiðlunar til innflytjenda. Stór hópur innflytjenda sem gleymist svolítið – en nú fremur en nokkru sinni mikilvægt að sinna þessum hópi. Covid.is vefurinn er nú einnig aðgengilegur á ensku og pólsku og unnið að fleiri þýðingum (arabíska, persneska, litháenska, tælensku, kúrdísku og spænsku). Sveitarfélög vinna hörðum höndum að því að upplýsa sína þjónustuþega. Minnir fólk á að segja innflytjendum frá þeim aðgerðum sem eru í gangi. Ekki bara að þýða efnið, heldur hvetur Jóhanna fólk til að hafa þetta í huga gagnvart fólki af erlendum uppruna sem hefur þörf fyrir upplýsingar á erlendum málum að vísa því á hvar þær eru að finna. Bendir á að á vef Reykjavíkurborgar á erlendum málum sem önnur sveitarfélög og fleiri geta nýtt sér. Jóhanna sagði svo nokkur orð á pólsku.

Upplýsingamiðlun

Vefurinn COVID.is

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar rétt fyrir hádegi á vefsvæðinu covid.is

Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Þar má einnig nálgast ýmsar tölulegar upplýsingar. Vefurinn er í sífelldri þróun. Hann er sem stendur á íslensku, ensku og pólsku. Nú er kominn möguleiki á að skoða og prenta út ýmis [veggspjöld sem hafa komið út](#).

Framundan:

- Upplýsingafundir fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 verður mánudaginn 23. mars kl. 9:00.

Samráð og ýmsar upplýsingar m.a.


- **Allir íbúar Íslands sem hafa dvalið erlendis og snúa heim 19. mars eða síðar þurfa að fara í sóttkví í 14 daga.** [Sjá upplýsingar á vef embættis landlæknis.](#)
- [Stjórnvöld koma til móts við vinnumarkaðinn.](#) Samþykkt frumvarp um rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda.
- Hægt er að nálgast upplýsingar um niðurstöður sýna frá Íslenskri erfðagreiningu/Decode í Heilsuveru undir valmyndinni „Samskipti“. Innskráning með rafrænum skilríkjum.
- Almanavarnastofnanir á Norðurlöndum funduðu í morgun um COVID-19, stöðu mála í löndunum, sviðsmyndir, horfur og samvinnu landanna.
- [Leiðbeinandi viðmið um íþrótt- og æskulýðsstarf í ljósi takmörkunar á skólastarfi og samkomum.](#) Leiðbeinandi viðmið um hvernig beri að túlka auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar þegar kemur að íþrótt- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðna.
- Landspítali fékk í dag að gjöf 15 hátækni-öndunarvélar frá velunnurum Landspítalans, auk þess hefur spítalinn fest kaup á einni nýrri vél og þrjár eru væntanlegar í næstu viku, Fyrir voru 26 öndunarvélar.
- [Upplýsingar sendar til samtaka sveitarfélaga varðandi samkomubann og börn.](#) Skólar, leikskólar og íþróttafélög hafa skipulagt vandlega fyrirkomulag næstu daga og vikur til að fara eftir fyrirmælum heilbrigðisráðherra um takmarkanir á skólastarfi og samkomum. Ensk þýðing í vinnslu.
- Leiðbeiningar v/ [Börn í sóttkví – leiðbeiningar og tillögur til forráðamanna](#) og [Börn með sérþarfir í sóttkví](#)
- Sífelld fleiri hafa samband við heilbrigðisstarfsmenn á upplýsingagáttinni heilsuvera.is, en þar er hægt að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum, og eiga í samskiptum við heilbrigðisþjónustuna. Heilsuvera fékk um 731 fyrirspurnir í gegnum netspjallið sl. sólarhring.
- Varist vefsvindl og svik á tímum COVID-19. [Sjá frétt á vef Almanavarnadeildar RLS.](#)
- Tölfræðispá Háskóla Íslands birt á vef [www.covid.hi.is](#)
- [Leiðbeiningar til leigubílstjóra vegna flutnings farþega í sóttkví eða með mögulegt COVID-19 smit](#)



COVID-19 á Íslandi - Tölfræði

Uppfært daglega kl. 11:00


Fjöldi sýna eftir dögum




Heildartölur

- 409** staðfest smit
- 4.166** í sóttkví
- 409** í einangrun
- 577** lokið sóttkví
- 9.189** sýni
- 7** á sjúkrahúsi


Fjöldi smitaðra eftir dögum



Fjöldi smitaðra eftir kyni



Uppruni smits




Smit / sóttkví eftir landshlutum



| Landshluti | Smit | Sóttkví |
|-------------------|------|---------|
| Austurland | 0 | 22 |
| Höfuðborgarsvæði | 349 | 2934 |
| Norðurland eystra | 2 | 194 |
| Norðurland vestra | 2 | 237 |
| Suðurland | 30 | 544 |
| Suðurnes | 19 | 141 |
| Vestfirðir | 0 | 21 |
| Vesturland | 0 | 50 |
| Óstaðsett | 7 | 20 |
| Útlönd | 0 | 4 |

Fjöldi smitaðra eftir aldri



Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 246.276 einstaklingum samkvæmt John Hopkins og um 10.038 einstaklingar hafa látist. Þá hafa 86.036 einstaklegar náð sér eftir veikindin. Mikill vöxtur hefur verið í dreifingu veirunnar í Evrópu. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](#) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.

Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins

Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins hefur aukið símsvörun og svörun skriflegra fyrirspurna. Íslendingar á ferðalagi erlendis eru hvattir til að skrá sig í grunn borgarþjónustunnar er í gegnum Stjórnarráðsvefinn www.utn.is. Einnig er hægt að hafa samband í gegnum Facebook síðu utanríkisráðuneytisins.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í dag var ákveðið að auka samvinnu borgarþjónustu Norðurlandanna og vinna saman að því að tryggja að Norðurlandabúar komist til síns heima. Fjöldi þeirra sem hefur verið að lenda í vandræðum við heimkomu að utan hefur aukist og hverjum við fólk til að skrái sig í gagnagrunn utanríkisráðuneytisins ef það hyggur á heimferð, svo hægt sé að koma til þeirra sem bestum upplýsingum sem hraðast. Einnig hverjum við Íslendinga erlendis til að fylgist vel með á samfélagsmiðlum utanríkisráðuneytisins. [Sjá ferðaráð á vef ráðuneytisins. Ráðleggingar til Íslendinga erlendis frá 16. mars.](#) Borgarþjónustan svarar fyrirspurnum með skilaboðum á Facebook, með tölvupósti á hjalp@utn.is og í síma 545-0-112.